

Íbúaráð Breiðholts 8. nóvember 2023: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks í íbúaráði Breiðholts um verklag til að koma í veg fyrir efnissöfnun frá framkvæmdum nálægt íbúabyggð MSS23110004

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs komi upp skýru verklagi í því skyni að koma í veg fyrir efni og úrgangur frá framkvæmdum geti staðið um langa hríð nálægt íbúðabyggð, líkt og hefur átt sér stað á horni Árskóga og Álfabakka í S-Mjódd á þessu ári en þar hafa háir haugar af mól og grjóti valdið íbúum og öðrum tjóni.

Greinargerð:

Fyrir liggja margar ábendingar um að sandur, mold og ryk fjúki yfir nálæga íbúabyggð við Árskóga og valdi þar óþrifnaði en vegna framkvæmda í nágrenninu var úrgangsefnum frá þeim komið í haug nálægt íbúðabyggð.